

Skýrsla um innra mat 2024-2025

Leikskólinn Grænuvellir
Húsavík
Norðurþing





Efnisyfirlit

Innra mat.....	3
Matsþættir í innra mati.....	3
Starfsáætlun um innra mat.....	4
Niðurstöður mats	4
Uppeldis- og menntastarf	5
Leikskólabragur.....	8
Stjórnun	11
Foreldrasamstarf	12
Innra mat.....	14
Heildarniðurstaða innra mats	15
Ytra mat.....	16
Umbótaáætlun 2025-2026	18
Uppeldis- og menntastarf 2022-2023	18
Foreldrasamstarf 2021-2022	21
Innra mat 2024-2025.....	23

Innra mat

Matsþættir í innra mati

1. Helstu matsþættir
 - Innra mat
 - Uppeldis- og menntastarf
 - Leikskólabragur
 - Stjórnun
 - Foreldrasamstarf
2. Staða gagnvart ytra mati
3. Umbótaáætlun 2025-2026

Frá því 2020 hefur leikskólinn markvisst farið í alla þætti innra mats sem finna má í Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs, gefið út af Reykjavíkurborg árið 2014. Skólaárið 2020-2021 var farið yfir innra mat, þ.e. skipulag, gagnasöfnun, opinbera birtingu og umbætur. Skólaárið 2021-2022 voru þættir foreldrasamstarfs og stjórnunar metnir og 2022-2023 voru leikskólabragur og uppeldis- og menntastarf metið. Á síðasta skólaári var rýnt í umbótaáætlanir fyrri ára, þær uppfærðar, umbótum forgangsraðað og unnið að úrbótum þar sem þörf var á. Á þessu skólaári var gerð ný langtímaáætlun og aftur farið í gæðaviðmið innra mats. Allt starfsfólk leikskólans fékk tækifæri til að meta starfið og voru sameiginlegar niðurstöður færðar inn í uppfært Gæðaviðmiðaskjal Grænuvalla. Gæðaráð fjarfundaði nokkrum sinnum á skólaárinu en í því sitja Gunnþór Eyfjörð ráðgjafi frá Ásgarði, Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir leikskólastjóri, Helga Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Unnur Ösp Guðmundsdóttir sérgreinastjóri og Guðrún Helga Ágústsdóttir foreldri.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig gæðaráð og annað starfsfólk leikskólans hefur metið stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans síðustu þrjú skólaár.



Starfsáætlun um innra mat

Matsteymi var skipað af skólastjóra í byrjun skólaárs 2020/2021. Frá því hefur teymið fundað reglulega, skipulagt, forgangsraðað og unnið verk sem þörfuðust umbóta. Markmiðið innra matsins er að framfylgja markvisst skólastefnu Norðurlings. Umbótaáætlanir voru gerðar með það að markmiði að amk 90% alls þess sem metið er teljist sýna mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðaleikskólastarf.

[Langtíma- og ársáætlun](#) er lifandi plagg sem uppfærast reglulega og þar segir meðal annars hvenær teymið hittist, hvað er tekið fyrir og hvernig unnið er með ársáætlun innra mats og umbætur. Áætlunin var endurnýjuð á þessu skólaári og nær nú til ársins 2028

Niðurstöður mats

Niðurstöður matsins eru lagðar fram í fimm áður greindum meginþáttunum samanber ytra mat Menntamálastofnunar og skólastefnu Norðurlings. Hér fyrir neðan er fjallað um niðurstöðurnar út frá því hvernig gengið hefur að ná fram markmiðum skólans. Gæðaráð hefur farið yfir öll Gæðaviðmið Skólastefnu Norðurlings sem byggð eru á Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs gefið út af skóla- og frístundarsviði Reykjavíkur 2014. Einnig er farið yfir niðurstöður skólapúlsins sem er annað hvert ár sendur út til foreldra og hitt hvert árið sendur til starfsfólks. Í ár var hann sendur á starfsfólk og tekið er mið af niðurstöðum hans í vinnu við innra mat og umbætur. Niðurstöður gæðaviðmiða eru litakóðaðar í neðangreinda liti eftir gæðum. Eftir fimm ára mjög markvissa vinnu í innra mati höfum náð markiði okkar að hafa alla þætti dökkgræna og hér eftir mun innra mats starfið felast í því að halda í gæði leikskólastarfsins og þróa það til enn frekari gæða.

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.



Uppeldis- og menntastarf

Metið skólaárið 2022-2023, verður næst metið 2026-2027

Markmið skólans er að skólastarfið sé faglegt, uppbyggjandi og samstarfsmiðað. Jákvæður agi er meginstefna leikskólans og nær hann til alls starfsins. Auk jákvæðs aga er lögð áhersla á kenningar Johns Dewey, leikinn, útikennslu, læsi, tónlist og lýðræði. Mikið er notast við verðlausan og opinn efnivið í leik og sköpun þar sem rík áhersla er lögð á ferlið, nálgun og vinnu barnanna á meðan á leik og námi stendur ekki síður en viðfangsefnið og útkomuna. Mikilvægt er að leik- og námsumhverfið sé fjölbreytt og krefjandi og við hæfi hvers og eins.

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið um uppeldis- og menntastarf eru fundargerðir og niðurstöður spurningalista. Allt starfsfólk kom að vinnu við að meta hvar skólinn stendur í uppeldis og menntastarfi.

Niðurstaða

- Í jákvæðum aga er unnið eftir aldursskiptum kennsluáætlunum með áframhaldandi áherslu á tengslamyndun auk jafnvægis á milli góðvildar og festu. Nýtt starfsfólk hefur farið á grunnnámskeið á árinu og öllum er boðið að hlusta á mánaðarlega fræðslu hjá íslensku JA samtökunum. Leikskólinn er einnig einn af 30 JA Lab-skólum á heimsvísu en Lab-skólar eru þeir skólar sem standa einna fremst í JA í heiminum. Þessir skólar fjarfunda á um sex vikna fresti, eru með reglulega fræðslu og læra hver af öðrum. U.þ.b. einu sinni í mánuði eru haldnir teymisfundir þar sem JA stjórar allra deilda koma saman, bera saman bækur sínar og fara yfir hvað er framundan. Nokkrir kennari hjálpar kennara fundir voru haldnir á skólaárinu.
- Læsisstefnan hefur nú verið í notkun í fjögur ár og er orðin rótgróin í starfinu. Hún verður endurmetin á næsta skólaári í kjölfar þróunarverkefnisins *Lítill skref á leið til læsis* sem er samstarfsverkefni elstu deildar leikskólans og fyrsta bekkjar Borgarhólsskóla. Sótt var um framhaldsstyrk fyrir þróunarverkefnið sem fékkst þannig að á næsta skólaári verður unnið að framhaldi á verkefninu þannig að til verði tveggja ára rúlla fyrir aldurshópana tvo sem taka þátt.
- Við mat á mál- og félagsproska og stærðfræðiskilningi eru Míó, Efi-2, TRAS og HLJÓM 2 matstækin notuð. HLJÓM 2 var lagt fyrir 2019 árgang í september og janúar, Efi 2 var lagt fyrir árgang 2020 í janúar- apríl og Tras og Míó á vorönn fyrir árganga 2019-2022. Börn sem

koma út í slakri færni/getu í þessum skimunum fara í ferli hjá sérkennslustjóra, gerð er einstaklingsnámskrá í málörvun eða öðru sem þau þurfa á að halda. Lanis er nýtt mat á tjáskiptum í þróun fyrir þriggja ára börn. Börn á Grænuvöllum voru valin í prófun á matinu og mun það verða fullbúið á næsta ári. Grænuvellir eru í rýnihóp fyrir Lanis prófinu.

- Útikennslan heldur sterkum sessi á Grænuvöllum og öll börn njóta útikennslu í einhverju formi. Yngstu fara í göngu og kerruferðir um nágrennið og eldri börnin njóta útivistar og vinna fjölbreytt verkefni m.a. í fjörunni, Holti og í skóginum.
- Grænuvellir hafa í mörg ár verið í samstarfi við Tónlistarskóla Húsavíkur. Á haustönn hefur kennari komið í leikskólann einu sinni í viku og séð um tónlistarstundir fyrir elstu börnin og á vorönn fara börnin í Tónlistarskólann í tónlistartíma. Tónlistarkennarinn hefur einnig skipulagt tónlistaratriði með börnunum fyrir útskrift þeirra í maí og í ár eru börnin að læra og æfa lagið *Elsku heimur úr leikritinu Fíasól gefst aldrei upp*. Lagið munu þau flytja fyrir foreldra sína á útskriftarathöfninni í 27. maí.
- Frjálsi leikurinn fær gott pláss í dagskipulaginu á Grænuvöllum, börnin hafa stjórn á hvaða leikefni þau nota hverju sinni og með hverjum þau leika. Leikföngin eru í flestum tilvikum aðgengileg fyrir börnin og þegar tækifæri gefast er svigrúm til að halda leik áfram seinna þegar nauðsyn er að snúa sér að öðru í dagskipulaginu. Leikskólinn hefur fest kaup á fyrirlestraröð um leik barna sem allt starfsfólk mun kynna sér.
- Vinna að betri hljóðvist mun halda áfram á næstu árum, en fyrir tveimur árum var hljóðvistarplötum komið fyrir á Tungu sem bætti hljóðvistina þar til muna. Í ár verður hljóðvist bætt í sal leikskólans.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við námsvistkerfið STEM Húsavík og vinnur meðal annars að þróunarverkefni í samvinnu við STEM Húsavík. Þróunarverkefnið heitir STEM á Grænuvöllum og með því er verið að vinna aldurstengdar STEM innleiðingarætlanir auk hugmynda og leiðbeiningabókar sem verður aðgengileg fyrir allt starfsfólk á næsta skólaári. Búið er að sækja um sameiginlegan Erasmus framhaldsstyrk fyrir næsta skólaár fyrir öll skólastigin og er planið mögulega að skoða skóla eða STEM stofnanir í Evrópu. Einnig eru Grænuvellir partur af STEM skólaráði ásamt Borgarhólsskóla, Framhaldsskólanum á Húsavík og STEM Húsavík, en ráðið fundar mánaðarlega.
- Grænuvellir eru samstarfsaðili í verkefninu *Framtíðin er okkar* með Hagsmunasamtökum barna á Húsavík. Samtökin fengu styrk fyrir verkefninu og felst það í að börnin hanni Húsavík framtíðarinnar með þarfir þeirra fyrir augum.

- Bókasafnið var að stærstu leiti flutt fram á gang. Foreldrafélagið gaf nýjar bækur og ákveðið var að prófa að leyfa börnum að fá lánaðar bækur heim. Það hefur gefist vel og er vinsælt hjá börnum að koma við á bókasafninu á leiðinni heim. Þau mega vera með bækurnar í láni í tvær vikur og foreldrar skrá hvaða bækur voru fengnar að láni. Áfram verður unnið að bættum bókakosti.

Uppeldis- og menntastarf
Skipulag náms og námsaðstæður
Uppeldi, menntun og starfshættir
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna
Námssvið leikskólans
Leikskóli án aðgreiningar
Mat á námi og velferð barna

Umbætur og verkefni næsta árs

- Halda áfram að bæta hljóðvist.
- Fara yfir efnivið sem endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins og bæta í ef þarf
- Taka fyrir viðfangsefni Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Taka fyrir viðfangsefni Heimsmarkmiðanna
- Gera endurmenntunaráætlanir
- Gera sérkennslustefnu
- Áframhaldandi Þróunarverkefni um innleiðingu STEAM á Grænuvelli
- Áframhaldandi Þróunarverkefni í samstarfi við Borgarhólsskóla – *Lítill skref á leið til læsis*
- Samstarf í þróunarverkefni Hagsmunasamtaka barna á Húsavík
- Setja upp gögn á gagnavegg að lðavöllum 1.
- Undirbúningur og starfendarannsóknir ef rými gefst til með breyttri gjaldskrá.



Leikskólabragur

Leikskólabragur var síðast metinn á vorönn 2023, næst metinn skólaárið 2026-2027

Markmið skólans - Að skólabragur sé jákvæður og uppbyggjandi með áherslu á faglegt samstarf og samvinnu þar sem starfsfólk nýtur sín í starfi og er stolt af starfi sínu og vinnustaðnum.

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið um leikskólabrag voru niðurstöður skólapúlsins og Gæðaviðmið leikskólstarfs

Niðurstaða -Það sem er ljósgrænt, gult eða rautt fór í umbótaáætlun (neðst).

- Áfram var unnið að þróun styttingu vinnuvikunnar fyrir starfsfólk leikskólans. Styttingardögum var fjölgað úr 9 í 10 miðað við fimm daga vinnuviku og tvö stöðugildi héldust til þess að manna styttingarnar. Flesta daga eru tveir í styttingu í einu en aðeins fleiri þegar færri börn eru í leikskólanum t.d í dymbilviku. Gert er ráð fyrir einni styttingu í mánuði frá september – júní. Á næsta skólaári verða teknir upp skráningardagar eins og í nágrannasveitafélögum. Þeir verða 17 talsins og skrá foreldrar hvaða daga þeir vilja nýta. Þessir dagar verða notaðir í styttingar starfsfólks og vonin er að fjarverum fækki á öðrum dögum. Nemar nýta styttingarnar sínar í lotur og styrkir sveitarfélagið nemana um umfram daga sem þeir nýta í lotur. Það verður áfram í boði að þjappa styttingum saman og nýta í lengri frí sé beðið um það með góðum fyrirvara. Einnig er boðið upp á að þeir sem vilja halda áfram með klukkutíma styttingu á viku geti sótt um það, henti það deildinni. Á næsta skólaári er stefnt á 11-12 styttingar þar sem dagarnir milli jóla og nýárs verða teknir inn. Með 12 styttingardögum næst 60% af styttingu vinnuvikunnar, en full stytting er að meðaltali fjórir tímar á viku. Heils dags styttingar hafa reynst vel og er starfsfólk er ánægt með það fyrirkomulag. Styttingarnar nýtast vel og valda mun minna álagi á leikskólann en vikulegar. Draumurinn er að einn daginn nái leikskólinn fullri styttingu, þannig skapist betra vinnuumhverfi með aukinni starfsánægju, minni líkum á kulnun og þannig verður leikskólinn enn eftirsóknarverðar vinnustaður og samkeppnishæfari við önnur skólastig.
- Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk var virkjuð betur, farið yfir hana með nýju starfsfólki og allt starfsfólk hvatt til að fara yfir hana á deildarfundum. Ákveðið var að starfsfólk í afleysingum fái leiðsögn frá einum deildarstjóra og eigi þannig heimadeild sem það tilheyrir.



- Starfsmannaaðstaða var bætt að einhverju leiti. Veggir voru málaðir á minna salerninu og í minni forstofu, skipt um útihurðir og þak þar sem leikið hafði inn í rigningarveðrum. Grunur leikur á mögulegri myglu í húsinu en í því er ennþá fúkkalykt þrátt fyrir endurbæturnar. Búið er að biðja um að láta mygluprófa húsið og fyrirhugaðar eru framkvæmdir innandyra. Stefnt er að því að skipta út innréttingu í eldhúsi og setja upp innréttingu í þvottahúsi. Skipt verður um gólfefni og þrjár innihurðir. Þakskeggið fyrir ofan útihurðir á lðavöllum 1 verður einangrað og útilýsing bætt. Starfsmannaaðstaðan er í húsi á móti leikskólanum og þar er eldhús og kaffistofa starfsfólks, undirbúningherbergi, fundarherbergi, skrifstofa sérkennslu- og sérgreinastjóra og tvö starfsmannasalerni. Á öðru starfsmannasalerninu í starfsmannahúsi er brotinn vaskur sem þarf að skipta um en er ekki á áætlun. Á kaffistofunni eru sæti fyrir 20 manns en það vinna um 55 manns í leikskólanum og því aðeins pláss fyrir 1/3 starfsmanna á kaffistofu. Þegar húsið að lðavöllum 8 var keypt var gerð deild úr starfsmannaaðstöðu og skrifstofum í leikskólanum. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fluttu sig um set og eru nú saman í of lítilli skrifstofu. lðavellir 8 voru keyptir sem bráðabirgðaúrræði til fimm ára en nú hefur þessi aðstaða verið í notkun í tæp átta ár.
- Nýr ískápur keyptur íu starfsmannaaðstöðu þar sem sá gamli gaf upp öndina og kaffivélinni var skipt út fyrir uppáhellingarvél.
- Fjórir nýjir skrifborðsstólar voru keyptir í undirbúning og á skrifstofur en framundan er að endurnýja stóla á næstu árum, um fjóra stóla á ári í undirbúningsaðstöðu kennara.
- Þrjár fartölvur voru keyptar, tvær á skrifstofur og ein á deild og tvö lyklaborð og mýs á skrifstofur.
- Nýjar iPad spjaldtölvur voru keyptar á allar deildir ásamt hulstrum m.a. til að auðvelda aðgang að karellen og tónlist og sögum á Spotify sem leikskólinn er nú kominn með aðgang að.
- Skólapúlsinn var sendur á starfsfólk og sýna niðurstöður að starfsfólki líður vel í leikskólanum, veit til hvers er ætlast og það ber traust til næsta yfirmanns. Niðurstöður benda einnig til þess að starfsfólki vanti meira sjálfsöryggi í starfi sem unnið verður með á næsta skólaári.

Leikskólabragur

Viðmót og menning

Velferð og líðan barna

Hlutverk leikskólakennara

Fagmennska starfsfólks

Starfsánægja

Umbætur og verkefni næsta árs

- Halda áfram að bæta hljóðvist í leikskólanum.
- Endurbæta starfsmannaaðstöðu.
- Bæta lýsingu á lðavöllum 1 að framanverðu
- Styrkja trú á starfsmanna á eigin getu
- Bæta loftgæði og lýsingu á efri hæð
- Færa sérkennsluaðstöðu í Krubb.
- Taka inn Bravolesson
- Bæta BOFS fyrirlestri í móttökuáætlun
- Þjóða nýju starfsfólki uppá fyrirlestur um leikinn
- Ný skólafestna kynnt og innleidd

Stjórnun

Var metin á skólaárinu 2021-2022 og verður endurmetin skólaárið 2025-2026

Markmið skólans - Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs - og árangursmiðaða starfshætti sem drífa fram stöðugar umbætur. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. Virkt lærdómssamfélag innan skólans með markvissri ígrundun þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru. Stjórnendur sjá til þess að leikskólinn sé faglegur, öruggur og uppbyggjandi vinnustaður barna og starfsfólks með áherslu á virðingu, vináttu og vellíðan. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu grænir þ.e. flestir þættir eða allir sterkir. Gögn sem nýtt voru til að meta viðmið um stjórnun voru m.a. [Skólapúlsinn starfsmannakönnun](#) og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Stjórnun
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf
Leikskólaþróun og símenntun

Helstu umbætur og verkefni næsta árs:

- Símenntunaráætlun skýrari og sýnilegri.
- Starfsmannahandbók yfirfarin og uppfærð.
- Vefsíða yfirfarin
- Vinnuhandbók metin og endurbætt
- Bravolesson innleitt
- Undirbúningur fyrir leiðbeinendur ef gjaldskrá veitir rými til þess.



Foreldrasamstarf

Var metið á skólaárinu 2021-2022 og verður endurmetið á næsta skólaári

Markmið skólans - Á Grænuvöllum er lögð mikil áhersla á gott og gagnlegt foreldrasamstarf. Áhersla er á góða samvinnu og gagnkvæman trúnað milli foreldra og kennara enda er það ein mikilvægasta forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík.

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið um foreldrasamstarf voru foreldrakannanir

Niðurstaða:-Það sem er ljósgrænt eða gult fer í umbótaáætlun hér fyrir neðan

[Skóladagatal](#) er aðgengilegt á vefsíðu leikskólans. Karellen forritið er notað í daglegum foreldrasamskiptum þar sem foreldrar fá m.a. upplýsingar um börnin á rauntíma, geta sent og fengið skilaboð og fengið myndir af börnunum til varðveislu. Einnig eru einhverjar deildir með facebook hópa þar sem almenn skilaboð og áminningar eru settar inn en engar persónugreinanlegar upplýsingar eða myndir af börnunum vegna persónuverndarlaga. Deildarstjórar senda út fréttapósta á föstudögum þar sem farið er yfir starf vikunnar, skilaboð eru skrifuð á upplýsingatöflur á deildum, sagt frá starfi dagsins, afmælum barna o.s.frv. Þar eru einnig mánaðardagatöl hverrar deildar og matseðlar. Síminn er svo notaður þegar ná þarf strax í foreldra og kennara.

- Í haust var haldinn stór kynningarfundur fyrir foreldra þar sem starf vetrarins var kynnt. Á síðasta skólaári var ákveðið að halda fundinn í sal Borgarhólsskóla þar sem að börnum hefur fjölgað mikið og ekki lengur pláss fyrir alla í sal leikskólans. Fundurinn mæltist vel fyrir og því var ákveðið að halda foreldrafund þessa skólaárs einnig í Borgarhólsskóla með svipuðu sniði. Á foreldrafundinum var lögð sérstök áhersla á að kynna innra starfið m.a. þróunarverkefni tvö sem við höfum verið að vinna í vetur, jákvæðan aga, læsisstefnuna og sérkennsluna.
- Eftir að niðurstöður úr síðustu foreldrakönnun sýndu að foreldrar vildu fleiri fundi var ákveðið að bjóða upp á anna stóran fund eftir áramótin. Vegna dræmnar skráningar féll fundurinn niður.
- Foreldrahandbókin var endurnýjuð á þessu skólaári, en í henni koma fram allar helstu upplýsingar sem foreldrar þurfa að hafa.



- Foreldrum var boðið í jólaföndurstund í nóvember, ömmum og öfum var boðið í kaffi í október, 2020 árgangur bauð foreldrum á opnun listasýningar í safnahúsinu í apríl, 2019 árgangurinn bauð í útskriftarveislu í maí auk þess sem öllum var boðið á vorhátíð leikskólans daginn eftir.
- Foreldrafélagið aðstoðaði jólasveininn með gjafir handa börnunum á litlu jölunum og bauð börnunum á leiksýninguna abbabbabb í uppsetningu 7. bekkjar. Einnig heldur það sumarahátíð í júní. Foreldrarfélagið bauð foreldrum upp á fyrirlestur um svefn barna með dr Erlu Björnsdóttur sálfræðingi og svefnsérfræðingi og gaf leikskólanum bækur fyrir 150.000 kr.
- Foreldraráð leikskólans fundaði 1-2 sinnum á skólaárinu, önnur samskipti hafa farið í gegn um tölvupóst. Ekki voru ritaðar fundargerðir og ráðið vann ekki að samþykktum.
- Foreldrasamtöl fóru fram seinnipart vorannar fyrir öll börn leikskólans auk þess geta foreldrar, kennarar og aðrir sérfræðingar kallað til funda yfir skólaárið eftir þörfum.
- Á þessu skólaári voru teknar myndir af öllu starfsfólki og settar á vefsíðu leikskólans. Allt starfsfólk er komið með vinnustaðaskírteini með mynd sem það er með utan á sér og myndir eru fyrir utan deildir. Þetta auðveldar foreldrum og öðrum að þekkja starfsfólk leikskólans.

Foreldrasamstarf

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun

Viðhorf foreldra

Umbætur og verkefni á næsta skólaári

- Foreldraráð fundi reglulega og setji sér vinnureglur
- Fundargerðir foreldraráðs skrifaðar og settar á vefsíðuna
- Gera skriflega áætlun um verklag þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál

Innra mat

Farið var á ný í gæðaviðmið innra mats á þessu skólaári en það var gert síðast skólaárið 2020-2021. Núna fékk allt starfsfólk tækifæri til að leggja sitt mat á viðfangsefni gæðaviðmiða en miklar framfarir hafa orðið á starfinu og verkferlum frá 2020. Skólanámskráin var endurgerð og birt á vefsíðu, unnið er markvisst að innra mati og umbótaáætlunum yfir skólaárið, skýrslur skrifaðar og birtar á vefsíðu.

Markmið skólans - Að skipulag innra mats sé skýrt og aðgengilegt, byggt á viðmiðum um gæði og notuð séu matstæki og aðferðir sem hæfa stefnu og viðfangsefnum skólastarfsins. Mat er alltaf tekið saman í styrkleika og tækifæri til umbóta.

Niðurstaða - Eftir umbætur síðustu ára bera allir þrír þættir innra mats skýr merki um gæðastarf í skólum, þeir þættir sem enn má gera betur í eru skráðir í umbótaáætlun hér að neðan. Bætt er reglulega inn í Langtímaáætlun og ársáætlun og á næsta skólaári verða stjórnun og foreldrasamstarf endurmetin.

Innra mat
Skipulag og viðfangsefni
Gagnasöfnun og vinnubrögð
Opinber birting og umbætur

Umbætur og verkefni næsta árs

- Útbúa matsblöð fyrir starfsfólk til að meta starfshætti sína.
- Útbúa matsblöð fyrir hvern þátt í námskránni.
- Læsisstefna endurmetin og endurbætt
- Jákvæðs aga áætlun verður endurbætt

Heildarniðurstaða innra mats 2025

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi Grænuvalla í nóvember 2012. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik - og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. [Skýrsluna má sjá hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd. Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Grænuvalla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Árið 2012 í kjölfar ytra mats setti starfsfólk Grænuvalla sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

2012

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			



Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til [umbótaáætlun](#) sem starfsfólk Grænuvalla vann eftir. Eftir að þeim umbótum lauk tók núverandi innra matsteymi við sem vinnur markvisst og reglulega að innra mati og umbótum. Í þriðja kafla þessarar skýrslu er umbótaáætlun sem tryggir stöðugar umbætur framvegis á Grænuvöllum.

Umbótaáætlun 2025-2026

Byggð á gæðaviðmiðum Reykjavíkurborgar

Uppeldis- og menntastarf 2022-2023

Skipulag náms og námsaðstæður	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.4 Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist	Bæta hljóðvist og minnka hávaða á deildum. Tunga tilbúin. Salurinn og yngri deildir næst?	Mottur, hljóðeinangrun á borð og stólfætur, hljóðeinangrandi veggplötur	Leikskólastjóri og verkefnastjóri framkvæmda	Vor 2026	Vor 2030	Hljóðmæling? Grænuvellir eru mjög vel byggt hús með góða grunnhljóðvist, en hana má bæta með enn betri hljóðvistarúrræðum	Hávaði minnki og meiri ró sé yfir börnum og starfsfólki
1.6. Vinnuaðstaða starfsfólks	Nýir skrifborðsstólar í undirbúning	Kaupa 3 skrifborðsstóla	Leikskólastjóri	Des 2025	Des 2025	Starfsmannakönnun – eykst ánægja með starfsmannaaðstöðu?	Að skrifstofuaðstaða sé ekki heilsuspillandi
1.6 vinnuaðstaða starfsfólks	Kanna loftgæði í starfsmannaaðstöðu Og á efri hæð	Ketill leitar að myglu í Áttunni og vinnur að bættum loftgæðum í leikskólanum	Leikskólastjóri og verkefnastjóri framkvæmda	Haust 25	Haust 25	Loftgæðamæling fyrir og eftir aðgerðir	Að loftgæði í starfsmanna-aðstöðu séu ekki heilsu-spillandi, að öllum líði vel í vinnunni. Starfsumhverfið verði framúrskarandi og að Grænuvellir verði mjög eftirsóknarverður vinnustaður.
Efniviður, ss myndir á veggjum, bókakostur og leikefni endurspeglar	Fara yfir efnivið leikskólans og bæta úr ef eitthvað vantar		Leikskólastjóri	Haust 25	Haust 25	Fara yfir efnivið reglulega	Að efniviður á öllum deildum endurspegli margbreytileika mannlífsins. Að starfsfólk sé vakandi fyrir nauðsyn margbreytileikans

margbreytileika mannlífsins (útlit, færni, aldur, fjölbreytt tungumál, fjölbreyttar fjölskyldugerðir osrf							
Námssvið leikskólans	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.41 Unnið er með frásagnir, sögur, ljóð...	Setja þulur og vísur í læsisstefnu og vinnuhandbók		Sérgreinastjóri og aðstoðarskólas tjóri	Haust 2025	Haust 2025	Umræða á deildarstjórafundum að vori um hvort þulur og vísur hafi verið notaðar meira markvisst eftir að þær voru settar inn	Börn læri vísur og þulur í leikskólanum.
1.50 Unnið er markvisst með menningu í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi (s.s. með tækifærum barna til að njóta menningar og lista, jafnt innan sem utan leikskólans, kynningu á menningu og listum, heimsóknnum listamanna og fjölmening	Skrásetja og fara yfir hvaða menningartækifæri börn upplifa í leikskólalastarfinu.	Bæta í námskrá ef einhverju þarf að bæta við. Einnig í starfsmannahandbók eða vinnuhandbók	Stjórnendateymi og deildarstjórar	Haust 2025	Vor 2026	Skoða hvað flokkast undir menningu, getum við bætt einhverju við?	Að leikskólabörnin séu meðvituð um menningu samfélagsins.
1.52 Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	https://www.barnasattmali.is/is/fyir-born/barnasattmalinn-a-barnvaenu-mali	Tikkum við í öll box hér? Er eitthvað sem þarf að bæta?	Stjórnendateymi	okt 2025	nóv 2025	Farið yfir barnasáttmálann á stjórnendateymisfundum og deildarstjórafundum	Að allir séu meðvitaðir um Barnasáttmálann og farið sé eftir honum í einu og öllu

1.53 viðfangsefni heimsmarkmiðanna	https://www.un.is/heimsmarkmidin/	Farið yfir heimsmarkmiðin og skoðað hvort þurfi að bæta eitthvað hjá okur varðandi þau	Stjórnendateymi	jan 2026	feb 2026	Farið yfir heimsmarkmiðin á stjórnendateymisfundi og deildarstjórafundi	Að allir séu meðvitaðir um heimsmarkmiðin og farið sé eftir þeim í einu og öllu
Leikskóli án aðgreiningar	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.37 Starfsfólk sækir símenntun 1.62 Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna í leikskólanum.	Sérkennsluteymi hefur verið nokkuð duglegt að sitja námskeið og ráðstefnur. En þau eru dýr, flest fyrir sunnan og vinnustaðurinn borgar ekki fyrir námskeiðin.	Gera símenntunaráætlanir fyrir starfsfólk og leikskólann í samvinnu við Borgarhólsskóla og Öxarfjarðarskóla	Skólastjóri	Janúar 2025	Júní 2025	Fyllt inn í áætlanir og fylgst með hvort allir taki þátt í endurmenntun	Að allt starfsfólk leikskólans stundi reglulega endurmenntun og að með aukinni menntun verði leikskólastarfið en vandaðra.
1.67 Verkferlar vegna sérfræðiþjónustu eru skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum	Gera verkferla skýra og sýnilega	Gera verkferla skriflega og aðgengilega á vefsíðu eða annars staðar. Gera skriflega sérkennslustefnu	Sérkennslustjóri og iðjuþjálfari	Hausti 2025	Vor 2026	Setja verkferla sérfræðiþjónustu í starfsmannaskoðanakönnun	Að verkferlar séu aðgengilegir og skýrir fyrir alla sem á þeim þurfa að halda

Foreldrasamstarf 2021-2022

Pátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.8 Starfsfólk er lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað mótur-mál en íslensku og nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta	Starfsfólk hér er mjög lausnamiðað og gerir vel, en oft má gott bæta.	Útbúa lista á íslensku, ensku og pólsku a.m.k. með helstu skilaboðum sem leikskólinn sendir frá sér. Nota túlka frá alþjóðahúsi.	Stjórnendateymi með aðstoð pólskumælandi starfsfólks	Vor 2026	Vor 2026	Foreldrakönnun	Aukið og betra foreldrasamstarf við alla foreldra
1.9 Skipulagt verklag er í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál	Verklagið er skipulagt en það þarf að setja það skriflega niður og hafa það aðgengilegt	Setja verklag í starfsmannahandbók Deildarstjóri ræðir viðkvæm mál á fundi, gera fundargerð eða tölvupósti.	Skólastjóri Sérgreinastjóri	nóvember 2025	Nóvember 2025	Yfirfara skipulagið á fimm ára fresti – næst 2030	Að hægt sé að ganga fuðlaust og hratt í verkin þegar þess þarf.
1.14 Foreldraráð fundar reglulega og hefur sett sér	Skipuleggja fundi á skólaárinu.	Vinna að starfsáætlun og <u>vinnureglum</u> á fyrsta fundi.	Leikskólastjóri	Haust 2025	Nóvember 2025	Vinnureglur endurmetnar á fimm ára fresti, starfsáætlun unnin árlega að hausti	Að samstarf leikskólastjóra og foreldraráðs sé markvisst og reglulegt

starfsáætlun og vinnureglur.							
1.15 Fundir foreldraráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á vefsíðu leikskólans	Skrifa fundargerðir á foreldraráðsfundum	Setja fundargerðir á vefsíðu skólans	Leikskólastjóri	Haust 2025	Vor 2026	Eru fundargerðir ritaðar, eru þær á vefsíðunni?	Að starf foreldraráðs sé sýnilegt.

Innra mat 2024-2025

Skipulag og viðfangsefni	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1.5 Mat og ígrundun kennara á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra	Kennarar fá fleiri tækifæri í undirbúningi til að meta eigið starf. Fylla út matsblað í móttökuáætlun á deildarfundum. Fleiri komist í undirbúning með nýrri gjaldskrá.	Fylla út matsblöð úr móttökuáætlun. Búa til matsblað með nokkrum spurningum á mánuði sem starfsfólk fyllir út, t.d í lok deildarfundar Setja í starfsmanna-handbók að mat á eigin starfsháttum eigi að fara fram á deildarfundum, nokkrir þættir á hverjum fundi.	Allir Sérgreinastjórnari	nóv 2025	des 2025	Endurmat 2026	Að skipulag sé skýrt og samkvæmt gæðalýsingum Norðurþings um skipulag innra mats
Í skólanámskrá er fjallað um hvernig markmið skólans eru metin	Fara yfir námskrána og skoða hvernig best er að meta markmiðin	Bæta mati á markmiðum í námsskránna	Stjórnendateymi	Febrúar 2026	Júní 2026	Kynning og starfsmannakönnun	Að auðvelt sé að meta markmið skólanámskrárinnar
Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um árangur sem seft er að	Bæta viðmiðum um árangur í skólanámskrána	Bæta viðmiðum um árangur í skólanámskránna	Stjórnendateymi	Febrúar 2026	Júní 2026	Kynning og starfsmannakönnun	Að skýr viðmið um árangur séu um markmiðin